



Fundargerð fræðslunefndar

Miðvikudaginn 17. desember 2014, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:30 í Bjarmanesi.

Á fundinn voru mætt:

Fræðslunefnd: Péturína L. Jakobsdóttir, Eva Dögg Bergþórsdóttir, Guðmundur Egill Erlendsson, Vigdís Ó. Ómarsdóttir.

Fulltrúar grunnskóla: Vera Ósk Valgarðsdóttir, skólastjóri, Guðjón Sigurðsson, aðstoðarskólastjóri, Sonja Dröfn Helgadóttir, fulltrúi starfsmanna og Jóhanna Sigurjónsdóttir, fulltrúi foreldra.

Fulltrúar leikskóla: Sesselja Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna, Vigdís Elva Þorgeirsdóttir, fulltrúi foreldra.

Aðrir: Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri

Péturína L. Jakobsdóttir, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárhagsáætlun 2015 - Fræðslumál

Fyrir fundinum lá afrit fjárhagsáætlunar fyrir deild 04 fræðslu og uppeldismál og eignasjóðs fyrir grunnskóla og leikskóla.

Sveitarstjóri fór yfir áætlunina og gerði grein fyrir helstu rekstrarliðum.

Áætluð rekstrargjöld leikskóla eru 52,6 millj. og tekjur 4,6 millj. og rekstrarniðurstaða því 48 milljónir.

Rekstrargjöld grunnskóla eru áætluð 149,4 millj. og tekjur 31,9 millj.

Áætlaður kostnaður við rekstur fræðslumála að meðtöldum tónlistarskóla, dreifnámi, skólamötuneyti, námsstofu og nokkrum smærri liðum er samtals 235 milljónir og áætlaðar tekjur eru 42,9 millj. Heildarkostnaður er því 192,1 millj.

Launakostnaður vegna fræðslumála er áætlaður 133,9 millj. og annar kostnaður 101,1 millj.

2. Grunnskólinn

a. Fundargerð skólaráðs

Fundargerðin var til kynningar. Tekið fram að fundargerð og starfsáætlun yrðu aðgengileg á heimasíðu skólans.

b. Starfsáætlun Höfðaskóla 2014-2015

Starfsáætlunin lá fyrir fundinum og fóru skólastjóri og aðstoðarskólastjóri yfir hana. Í stafsáætluninni eru upplýsingar um



skipulag starfsins í skólanum, nám og félagslíf nemenda, starfsfólk, skóladagatal og fleira sem einkennir starf skólans. Umræður urðu um áætlunina en hún var síðan staðfest af fræðslunefnd.

Tvær breytingar hafa verið gerðar á áætlun frá því sem lá fyrir fundinum. Annars vegar var það um tilkynningar á forföllum starfsmanna en hins vegar var gerð breyting á viðbrögðum skólans vegna vályndra veðra. Skýrð voru viðmið til aflýsingar á skólastarfi. Lagt var til grundvallar að þegar um *fárviðri* væri að ræða, skyldi skólastarfi aflýst.

Fræðslunefnd staðfesti starfsáætlun með áorðnum breytingum.

c. Umbótaáætlun

Fyrir fundinum lá umbótaáætlun vegna athugasemda og ábendinga sem fram komu við gerð ytra mats á starfi skólans á síðasta skólaári. Skólastjóri gerð grein fyrir umbótaáætluninni. Gerð var ein athugasemd og verður lagt til leiðréttingar. Að öðru leyti samþykkti fræðslunefnd umbótaáætlunina.

d. Skólastarfið

Skólastjóri gerði grein fyrir skólastarfinu undir umræðu í liðum 2b og 2c og fór sérstaklega yfir þær breytingar sem unnið er að og að hluta til eru gengnar í gegn á efri stigum þar sem aukin samkensla hefur verið tekin upp að fyrirmynd Norðlingaskóla.

3. Leikskólinn

a. Samningur við Hjallastefnu

Fyrir fundinum lá samningur við Hjallastefnu sem hafði verið samþykktur af sveitarstjórn. Forsendur samningsins er m.a. það samstarf sem verið hefur milli aðila þar sem Hjallastefnan og sveitarfélagið tóku upp samstarf um faglega þætti í rekstri leikskólans Barnabóls 1. júlí 2014, með samningi dags. 31. júlí 2014, þar sem heimilt var að kalla hann Hjallastefnuleikskóla. Hjallastefnan veitti leikskólanum Barnabóli faglega ráðgjöf, lagði til leikskólustjóra og kom þannig að breytingum og stýrði innleiðingu á starfsháttum, umhverfi og aðferðum Hjallastefnunnar. Með samningnum er gert ráð fyrir að Hjallastefnan taki við starfsmannahaldi og öðrum rekstri leikskólans Barnabóls þann 1. janúar 2015. Meðfylgjandi samningnum var greinargerð um samninginn ásamt útreikningi á kostnaði og skrá um húsbúnað og annað sem fylgi húsnæði þegar Hjallastefna tekur við rekstri.



Sveitarstjóri fór yfir samninginn og þær forsendur sem hann byggir á. Fræðslunefnd staðfesti samninginn fyrir sitt leyti.

b. Skólastarfið - foreldrakönnun

Þar sem leikskólastjóri var fjarverandi vegna veðurs var stutt yfirlit gert á foreldrakönnuninni sem var lögð fyrir í október síðastliðnum á leikskólanum Barnabóli.

Eftir könnunina er unnin umbótaáætlun og er hún notuð til að bera saman framfarir á milli ára og bæta og styrkja skólastarfið. Könnunin var unnin á vegum Hjallastefnunnar og var gerð á öllum leikskólum Hjallastefnunnar.

Í könnuninni kemur m.a. fram að yfir 90% foreldra telja upplýsingastreymi frá skólanum nægjanlegt og 82% telja að barn þeirra sé ánægt í skólanum og 13% að barn þeirra sé frekar ánægt. Í könnuninni var einnig fjallað um viðhorf foreldra til skólafatnaðar og meirihluti þeirra er hlynntur því fyrirkomulagi.

Lagt var til að óska eftir gögnum um fjölda svarenda í téðri könnun til að viðmið vegna niðurstaðna væru gegnsærri.

4. Önnur mál

Sonja Dröfn kynnti verkefnið *Fágæti og furðuverk* sem unnið hefur verið að í haust. Tengingar í verkefni sem stuðla að eflingu læsis eru allmiklar og m.a. er verkefnið *Orð af orði* nátengt þessu. Á fundi skólastjórnenda í Húnavatnssýslum var rætt að gera eina sameiginlega læsistefnu fyrir alla skóla á svæðinu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:20

Péturína L. Jakobsdóttir

Eva Dögg Bergþórsdóttir

Vigdís Ósk Ómarsdóttir

Vera Ósk Valgarðsdóttir

Guðjón Sigurðsson

Sonja Dröfn Helgadóttir

Jóhanna Sigurjónsdóttir

Sesselja Guðmundsdóttir

Vigdís Elva Þorgeirsdóttir

Guðmundur Egill Erlendsson

Magnús B. Jónsson